

AUGLÝSING

um samning við Singapúr um flugþjónustu.

Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Singapúr, sem gerður var í Singapúr 23. janúar 2009, öðlaðist gildi 20. nóvember 2009.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR UM FLUGÞJÓNUSTU
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR
ÍSLANDS
OG
RÍKISSTJÓRNAR
LÝÐVELDISINS SINGAPÚRS**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Singapúrs (hér á eftir nefndar „samningsaðilar“), sem eru aðilar að samningnum um alþjóðlegt almenningsflug sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944,

sem óska þess að styrkja gagnkvæm tengsl sín á milli á sviði almenningsflugs og gera samning í því skyni að koma á flugþjónustu milli yfirráðasvæða hvarrar um sig og áfram frá þeim,

sem óska þess að stuðla að alþjóðlegu fyrirkomulagi á flutningum í lofti sem byggir á samkeppni milli flugfélaga á markaði þar sem afskipti og reglusetning stjórnvalda eru í lágmarki,

sem óska þess að stuðla að því að fjölga tækifærum í alþjóðlegri flugþjónustu,

sem óska þess að tryggja sem mest öryggi í alþjóðlegri flugþjónustu og árétta þungar áhyggjur sínar af aðgerðum eða hótunum sem er beint gegn öryggi loftfara og stofna öryggi fólks eða eigna í hættu, trufla rekstur flugþjónustu og grafa undan tiltrú almennings á öryggi í almenningsflugi,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað sé tekið fram:

1. „flugmálayfirvöld“ merkir, að því er varðar Ísland, samgönguráðuneytið og annan aðila eða stofnun, sem hefur verið falið að inna af hendi störf sem eru í verkahring fyrrnefnds yfirvalds, og, að því er varðar Singapúr, samgönguráðherra og Flugmálastjórn Singapúrs eða, í báðum tilvikum, annan aðila eða stofnun sem kann að verða falið að inna af hendi störf sem eru á verksviði fyrrnefnds yfirvalds eða lík störf, eða eftirkomanda hans eða hennar,
2. „samningur“ merkir samning þennan, viðauka við hann og allar breytingar þar á,
3. „Chicago-samningur“ merkir samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var lagður fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944, ásamt: hverri breytingu sem öðlast hefur gildi skv. a-lið 94. gr. Chicago-samningsins og báðir aðilar hafa fullgilt og hverjum viðauka eða breytingu á viðauka, sem er samþykkt skv. 90. gr. Chicago-samningsins, að því leyti sem slíkir viðaukar eða breytingar gilda gagnvart báðum aðilum á tilteknum tíma,
4. „tilnefnt flugfélag“ merkir flugfélag sem hefur verið tilnefnt og fengið leyfi skv. 3. gr. samnings þessa,
5. „Evrópska efnahagssvæðið“ merkir útvíkkað fríverslunarsvæði sem var komið á með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var gerður í Óportó 2. maí 1992, milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og EFTA-ríkjanna, að Sviss undanskildu, hins vegar. EFTA er skammstöfun fyrir „European Free Trade Association (Fríverslunarsamtök Evrópu)“ sem Ísland á aðild að,
6. „heildarkostnaður“ merkir kostnað samfara því að veita þjónustu að viðbættu sanngjörnu gjaldi til að mæta stjórnunarkostnaði,
7. „alþjóðleg flugþjónusta“ merkir flugþjónustu um loftþrymi yfir yfirráðasvæði fleiri en eins ríkis,

8. „verð“ merkir fargjald, verð eða gjald, sem flugfélög og umboðsmenn þeirra taka fyrir að flytja farþega (og farangur þeirra) og/eða farm (að frátöldum pósti) með flugþjónustu, og skilyrði fyrir því hvenær hvert slíkt fargjald, verð eða gjald er boðið fram,
9. hugtökin „viðkoma án viðskipta“, „flugfélag“, „flugþjónusta“ og „yfirráðasvæði“ hafa þá merkingu sem hverju þeirra er gefin í 2. og 96. gr. Chicago-samningsins og
10. „afnotagjald“ merkir gjald/gjöld sem eru lögð á flugfélög fyrir að láta þeim í té aðstöðu eða þjónustu á flugvöllum eða flugleiðsögu- eða flugverndaraðstöðu eða -þjónustu, að meðtalinni tengdri þjónustu og aðstöðu.
11. „flugrekandaskírteini“ merkir skjal sem gefið er út til handa flugfélagi því til staðfestingar að hlutaðeigandi flugfélag hafi faglega getu og skipulag til að tryggja öruggan rekstur loftfara vegna þeirrar flugstarfsemi sem tilgreind er í skírteininu.
12. „ICAO“ merkir Alþjóðaflugmálastofnunina (International Civil Aviation Organisation) sem var komið á fót samkvæmt Chicago-samningnum.

2. gr.

Veiting réttinda.

1. Hvor aðili um sig veitir tilnefndum flugfélögum hins aðilans eftirtalin réttindi til að stunda alþjóðlega flugþjónustu:
 - a) réttindi til að fljúga yfir yfirráðasvæði sitt án þess að lenda,
 - b) réttindi til að hafa viðkomu á yfirráðasvæði sínu án viðskipta og
 - c) réttindi tilgreind með öðrum hætti í samningi þessum.
2. Ekkert í grein þessari telst veita tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum annars aðilans rétt til að taka um borð, á yfirráðasvæði hins aðilans, farþega, farangur þeirra, farm eða póst sem fluttir eru gegn gjaldi til ákvörðunarstaðar annars staðar á yfirráðasvæði hins aðilans sem fyrr er getið.

3. gr.

Tilnefning og veiting leyfis.

1. Hvor aðili um sig skal hafa rétt til að tilnefna eitt eða fleiri flugfélög í því skyni að halda uppi samþykktri flugþjónustu á sérhverri leið sem tilgreind er í viðaukunum og rétt til að afturkalla slíkar tilnefningar eða breyta þeim. Tilnefningar skulu vera skriflegar og þær ber að senda hinum aðilanum eftir diplómátskum leiðum.
2. Þegar slík tilnefning berst og umsóknir frá hinu tilnefnda flugfélagi, í þeirri mynd og með þeim hætti sem tiltekið er vegna rekstrarleyfa og tæknileyfa, skal hinn aðilinn veita viðeigandi leyfi með eins skjótum hætti og málsmeðferð leyfir, að því tilskildu:
 - a) er um ræðir flugfélag sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. að það hafi staðfestu á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og hafi gilt rekstrarleyfi samkvæmt landslögum sem sett eru í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og
 - ii. að tilskilið eftirlit með flugfélaginu sé framkvæmt og því við haldið með skilvirkum hætti af ríki, sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og annast útgáfu flugrekandaskírteinis þess, og að viðkomandi flugmálafirvöld séu tilgreind með skýrum hætti í tilnefningunni og
 - iii. að það sé og verði áfram í beinni eigu eða meirihlutaægu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og/eða ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins og lúti ávallt virkri stjórn slíks ríkis og/eða ríkisborgara og/eða Ríkjasambandsins Sviss og/eða ríkisborgara Ríkjasambandsins Sviss,
 - iv. að það hafi höfuðstöðvar sínar á yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins og hafi þegið gilt rekstrarleyfi frá því aðildarríki og
 - b) er um ræðir flugfélag sem Singapúr hefur tilnefnt:
 - i. að Singapúr hafi og haldi uppi tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti og
 - ii. að það hafi höfuðstöðvar sína í Singapúr,

- c) að hið tilnefnda flugfélag sé hæft til að uppfylla þau ákvæði laga og reglugerða sem aðilinn, sem fjallar um umsóknina eða umsóknirnar, beitir að jafnaði er um ræðir rekstur alþjóðlegrar flugþjónustu.

4. gr.

Afturköllun, tímabundin niðurfelling og takmörkun leyfis.

1. Hvorum aðila sem er heimilt að afturkalla, fella niður tímabundið eða takmarka rekstrarleyfi eða tæknileyfi flugfélags sem hinn aðilinn hefur tilnefnt:
 - a) er um ræðir flugfélag sem Ísland hefur tilnefnt:
 - i. hafi það ekki staðfestu á íslensku yferráðasvæði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða hafi ekki gilt rekstrarleyfi samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða
 - ii. sé tilskilið eftirlit með flugfélaginu ekki framkvæmt eða því við haldið með skilvirkum hætti af ríki, sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og annast útgáfu flugrekandaskírteinis þess, eða ef viðkomandi flugmálayfirvöld eru ekki tilgreind með skýrum hætti í tilnefningunni eða
 - iii. hafi það ekki höfuðstöðvar sínar á yferráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins, þ.e. ríkis sem það hafði þegið gilt rekstrarleyfi frá eða
 - iv. sé það ekki í beinni eigu eða meirihlutaeigu aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins og/eða ríkisborgara aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða lúti ekki virkri stjórn slíks ríkis og/eða ríkisborgara,
 - v. ef unnt er að sýna fram á að með því að nýta flugréttindi, samkvæmt samningi þessum, á leið með viðkomustað í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. með flugrekstri sem sé markaðssettur sem flutningar á leiðarenda, eða fæli með öðrum hætti í sér slíka flutninga, væri flugfélagið í raun að fara í kringum ákvæði um takmarkanir á flugréttindum samkvæmt samningi milli Singapúrs og fyrrnefnds annars ríkis eða
 - vi. hafi flugfélagið flugrekandaskírteini útgefið af aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og ekki sé í gildi neinn tvíhliða samningur um flugþjónustu milli Singapúrs og fyrrnefnds ríkis og unnt sé að sýna fram á að nauðsynleg flugréttindi til þess að stunda fyrirhugaðan rekstur standi ekki tilnefndu flugfélagi eða flugfélögum Singapúrs til boða með gagnkvæmum hætti,
 - b) er um ræðir flugfélag sem Singapúr hefur tilnefnt:
 - i. ef það hefur ekki staðfestu á singapúrsku yferráðasvæði eða hefur ekki leyfi samkvæmt gildandi singapúrskum lögum eða
 - ii. ef Singapúr heldur ekki uppi tilskildu eftirliti með flugfélaginu með skilvirkum hætti eða
 - iii. sé það ekki í beinni eigu eða meirihlutaeigu Singapúrs og/eða ríkisborgara þess eða lúti ekki virkri stjórn Singapúrs og/eða ríkisborgara þess,
 - c) fyrrnefnt flugfélag hefur ekki fylgt þeim lögum og reglum er um getur í 7. gr. samnings þessa.
2. Ef tafarlaus afturköllun, tímabundin niðurfelling eða setning þeirra fyrirvara er um getur í 1. mgr. þessarar greinar er ekki frumskilyrði þess að koma í veg fyrir frekari brot á lögum eða reglum skal slíkum rétti aðeins beitt að undangengnum viðræðum við hinn samningsaðilann skv. 1. mgr. 17. gr. samnings þessa.

5. gr.

Beiting laga.

1. Þegar komið er inn á yferráðasvæði annars aðilans, verið þar eða farið þaðan ber flugfélögum hins aðilans að fara að lögum og reglum þess fyrrnefnda um rekstur og flugleiðsögu loftfara.
2. Þegar komið er inn á yferráðasvæði annars aðilans, verið þar eða farið þaðan skulu farþegar, áhöfn eða farmur um borð í loftfari flugfélags hins aðilans uppfylla ákvæði laga og reglna fyrrnefnda aðilans, sem gilda um farþega, áhöfn eða farm við komu til yferráðasvæðis hans eða brottför þaðan (meðal annars en þó ekki einvörðungu ákvæði um komu, flugheimildir, flugvernd, útlendinga- eftirlit, vegabréfaeftirlit, tolleftirlit og sóttvarnarráðstafanir eða, ef um póst er að ræða, reglur um póst), eða það skal gert fyrir þeirra hönd.

3. Hvorugur aðilanna skal ívilna eigin flugfélagi eða nokkru öðru flugfélagi á kostnað tilnefnds flugfélags hins aðilans, sem stundar hliðstæða alþjóðlega flugþjónustu, þegar hann beitir reglum sínum um útlendingaeftirlit, tolleftirlit og sóttvarnarráðstafanir og líkum reglum.

6. gr.

Farþegar/farmur í beinum umflutningi.

Farþegar, farangur og farmur sem er í beinum umflutningi þvert yfir yferráðasvæði annars aðilans og fer ekki út fyrir svæði á flugvelli, sem er markað slíkum umflutningi, skal háður eftirliti í mjög einfaldaðri mynd. Farþegar, farangur og farmur sem er í beinum umflutningi um yferráðasvæði annars aðilans og fer ekki út fyrir svæði á flugvelli, sem er markað slíkum umflutningi, skal háður frekara eftirliti vegna flugverndar eða fíkniefnaeftirlits, til að koma í veg fyrir ólöglega komu eða af sérstökum ástæðum. Farangur og farmur í beinum umflutningi skal undanþeginn tollum og öðrum líkum gjöldum.

7. gr.

Viðurkenning vottorða.

1. Hvor aðili um sig skal taka gild lothæfisskírteini, hæfisskírteini og leyfi, sem ríkið, sem annast tilskilið eftirlit með tilnefndu flugfélagi, gefur út eða löggildir og eigi eru útrunnin, til þess að unnt sé að halda uppi flugþjónustu, sem samningur þessi kveður á um, að því tilskildu að kröfur, sem gerðar eru vegna slíkra skírteina eða leyfa, jafngildi að minnsta kosti þeim lágmarksviðmiðunum sem heimilt er að setja samkvæmt Chicago-samningnum.
2. Hvor aðili um sig áskilur sér þó rétt til að neita að viðurkenna gildi hæfisskírteina og leyfa, að því er varðar flug yfir hans eigið yferráðasvæði eða að lent sé innan þess, sem hinn aðilinn veitir ríkisborgurum hans eða löggildir fyrir þá.

8. gr.

Öryggi.

1. Hvor aðili sem er getur óskað eftir viðræðum um öryggisviðmiðanir sem er fylgt er í hlut á flugfélag sem hinn aðilinn hefur tilnefnt og lúta að búnaði til flugs, flugáhöfnum, loftförum og rekstri tilnefndu flugfélaganna.
2. Ef annar aðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir slíkar viðræður, að hinn aðilinn fylgi ekki í raun og beiti öryggisviðmiðunum á þeim sviðum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þ.e. öryggisviðmiðunum sem standast þær kröfur sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum, skal síðarnefnda aðilanum tilkynnt um þær niðurstöður og til hvaða ráðstafana nauðsynlegt er talið að grípa til að uppfylla fyrrnefndar viðmiðanir. Skal þá síðarnefndi aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir þessu til leiðréttingar innan umsaminna tímamarka.
3. Aðilarnir eru ennfremur samþykki því, í samræmi við ákvæði 17. gr. Chicago-samningsins, að heimilt sé að framkvæma skoðun á hverju því loftfari sem flugfélag annars aðilans rekur, eða er rekið á þess vegum, og er í förum til eða frá yferráðasvæði hins aðilans, meðan það er á yferráðasvæði hins aðilans, og að slík skoðun sé framkvæmd af viðurkenndum fulltrúum hins aðilans, að því tilskildu að skoðunin valdi ekki óeðlilegri seinkun að því er rekstur loftfarsins varðar. Þrátt fyrir skuldbindingarnar, sem um getur í 33. gr. Chicago-samningsins, er skoðunin framkvæmd í því skyni að ganga úr skugga um gildi viðeigandi skilríkja sem fylgja loftfarinu, flugáhafna-skírteina og það að tækjabúnaður og ástand loftfarsins uppfylli þær viðmiðanir sem þá gilda samkvæmt Chicago-samningnum.
4. Hvor aðili um sig áskilur sér rétt til þess að nema flugrekstrarleyfi flugfélags eða flugfélaga hins aðilans tímabundið úr gildi eða breyta því þegar nauðsynlegt er að grípa til brýnna aðgerða í því skyni að tryggja öryggi í rekstri flugfélags.
5. Aðgerðum, sem annar aðilinn grípur til í samræmi við ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, skal hætt um leið og forsendur fyrir því að grípa til þeirra eru ekki lengur til staðar.
6. Með vísan til ákvæða 2. mgr. skal, ef það liggur ljóst fyrir að annar aðilinn hafi ekki uppfyllt fyrrnefndar viðmiðanir, tilkynna að umsömdum tíma liðnum aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um það. Þá ber og að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um eftirfarandi farsæla lausn málsins.

7. Sé tilskilið eftirliti með flugfélagi, sem annar aðilinn hefur tilnefnt, framkvæmt og því við haldið af þriðja ríki skulu réttindi hins aðilans samkvæmt þessari grein gilda jafnt að því er varðar samþykkt, beitingu eða viðhald öryggisviðmiðana af hálfu fyrrnefnds þriðja ríkis og að því er varðar rekstrarleyfi flugfélagsins.

9. gr.

Flugvernd.

1. Aðilarnir árétta, í samræmi við réttindi sín og skyldur að þjóðarétti, að skylda þeirra gagnvart hvor öðrum, að vernda almenningflug gegn ólögumætum aðgerðum, er óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum. Aðilunum ber sérstaklega, án þess að takmarka almenn réttindi sín og skyldur að þjóðarétti, að bregðast við í samræmi við ákvæði samnings varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, sem var gerður í Tókýó 14. september 1963, samnings um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem var gerður í Haag 16. desember 1970, samnings um að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem var gerður í Montreal 23. september 1971, og bókunar við hann, sem var gerð í Montreal 24. febrúar 1988, og samningsins um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau, sem var gerður í Montreal 1. mars 1991, og annarra samninga um flugvernd sem báðir aðilar gerast síðar aðilar að.
2. Aðilarnir skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hvor öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenning loftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar, og takast á við sérhverja aðra ógnun við öryggi flugleiðsögu í almenningflugum.
3. Aðilarnir skulu, í gagnkvæmum samskiptum sín á milli, haga gerðum sínum í samræmi við allar flugverndarviðmiðanir og viðeigandi starfsvenjur sem mælt er með og Alþjóðaflugmálastofnunin hefur innleitt og eru tilgreindar sem viðaukar við Chicago-samninginn. Þeir skulu gera kröfu um að rekstraraðilar loftfara, sem eru skráð hjá þeim, rekstraraðilar loftfara, sem hafa aðalstarfsstöð sína eða fast aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra, og rekstraraðilar flugvalla á yfirráðasvæðum þeirra hagi gerðum sínum í samræmi við slík flugverndarákvæði.
4. Hvor aðili um sig samþykkir að virða flugverndarákvæði, sem hinn aðilinn gerir kröfu um vegna komu inn á yfirráðasvæði sitt, og gera fullnægjandi ráðstafanir til að vernda loftför og skoða farþega, áhafnir og farangur þeirra og handfarangur og farm og aðföng loftfars áður en og um leið og farið er um borð eða hleðsla fer fram. Hvor aðili um sig skal og taka til vinsamlegrar athugunar allar óskir hins aðilans um sérhæfðar verndarráðstafanir til að mæta tiltekinni ógnun.
5. Þegar hætta er á ólöglegri töku loftfara eða öðrum ólöglegum aðgerðum, sem er beint gegn öryggi farþega, áhafna, loftfara, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eða þegar slíkt á sér stað, skulu aðilarnir aðstoða hvorn annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða ógnun á skjótan og öruggan hátt.
6. Hafi aðili gilda ástæðu til að ætla að hinn aðilinn hafi vikið frá ákvæðum þessarar greinar um flugvernd geta flugmálayfirvöld fyrrnefnda aðilans óskað eftir viðræðum við flugmálayfirvöld hins síðarnefnda þegar í stað. Ef ekki næst viðunandi samkomulag innan fimmtán (15) daga frá því að slík ósk er sett fram má telja að komnar séu forsendur fyrir því að halda eftir, afturkalla, takmarka eða setja skilyrði fyrir rekstrarleyfi og tæknileyfum flugfélags eða flugfélaga síðarnefnda aðilans. Ef neyðarástand skapast getur aðili gripið til bráðabirgðaaðgerða áður en fimmtán (15) dagar eru liðnir.

10. gr.

Svigrúm til viðskipta.

1. Flugfélög hvors aðila um sig eiga rétt á að opna skrifstofur á yfirráðasvæði hins aðilans til að kynna og selja flugþjónustu.
2. Tilnefndum flugfélögum hvors aðila um sig ber réttur, í samræmi við lög og reglur hins aðilans um komu, búsetu og atvinnu, til þess að flytja inn og hafa á yfirráðasvæði hins aðilans starfsmenn, sem vinna við stjórnun, sölu, tækniþjónustu og rekstur, og aðra sérhæfða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að bjóða fram flugþjónustu.

3. Flugfélögum hvors aðila um sig er heimilt að selja flugþjónustu milliliðalaust á yferráðasvæði hins aðilans og, að eigin vild flugfélags, fyrir milligöngu umboðsmanna sinna nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum um leiguflug í upprunalandi leiguflugsins er varða vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt farþega. Hvert flugfélag skal hafa rétt til að selja, og hverjum sem er skal frjálst að kaupa, slíka flutninga með gildandi gjaldmiðli á fyrrnefndu yferráðasvæði eða með auðskiptanlegum gjaldmiðli.
4. Hvert flugfélag skal hafa rétt til að skipta tekjum, sem er aflað á staðnum og eru umfram útgjöld á staðnum, yfir í annan gjaldmiðil og senda til heimalandsins sé þess óskað. Heimila skal gjald-eyrisskipti og peningasendingar, umsvifalaust og án takmarkana eða skattlagningar, á gengi sem gildir um viðskipti og peningasendingar þann dag þegar flugfélagið sækir fyrst um að senda peningana.
5. Flugfélögum hvors aðila um sig skal heimilt að greiða staðbundinn kostnað, þar á meðal kostnað vegna eldsneytiskaupa, á yferráðasvæði hins aðilans með þarlendum gjaldmiðli. Flugfélögum hvors aðila um sig er heimilt, að eigin vild, að greiða slíkan kostnað á yferráðasvæði hins aðilans með skiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt þarlendum gjaldeyrisreglum.
6. a) Hvaða tilnefnt flugfélag annars aðilans sem er getur, í rekstri eða þjónustu sem hefur verið heimiluð á umsömdum leiðum, tekið upp markaðssamstarf, á borð við föst sætakaup, sameiginlegt flugnúmer eða leigu, við:
 - i. flugfélag eða flugfélög hvors aðilans sem er og
 - ii. flugfélag eða flugfélög þriðja lands, að því tilskildu að slíkt þriðja land veiti heimild eða leyfi fyrir sambærilegu fyrirkomulagi milli flugfélaga hins aðilans og annarra flugfélaga með tilliti til flugþjónustu til, frá og um slíkt þriðja land og að því tilskildu að öll flugfélög, sem eiga hlut að slíku fyrirkomulagi: 1) hafi tilskilin leyfi og 2) fullnægi þeim kröfum sem vanalega gilda um slíkt fyrirkomulag.
- b) Ef flugfélag annars aðilans heldur uppi þjónustu milli staðar á yferráðasvæði hins aðilans og staðar í þriðja landi samkvæmt sameiginlegu flugnúmerafyrirkomulagi, í hvaða flugáfangi sem er á þeirri leið, með flugfélagi frá hinum aðilanum skal fyrrnefndi aðilinn, þrátt fyrir ákvæði ii. liðar hér að framan, heimila eða leyfa hvaða flugfélagi sem er frá síðarnefnda aðilanum að nota sameiginlegt flugnúmerafyrirkomulag með hvaða flugfélagi sem er og í hvaða flugáfangi sem er á milli fyrrnefnds þriðja lands og síðarnefnda aðilans um stað eða staði á yferráðasvæði fyrrnefnda aðilans.

11. gr.

Leiga loftfara.

1. Hvorum aðila sem er er heimilt að koma í veg fyrir notkun leigðra loftfara vegna veittrar þjónustu samkvæmt samningi þessum sem er í ósamræmi við ákvæði 8. og 9. gr.
2. Tilnefndum flugfélögum hvors aðila sem er er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. hér að framan, að nota loftför sem eru leigð af öðrum flugfélögum, að því gefnu að allir aðilar sem eiga hlut að slíku fyrirkomulagi hafi tilskilin leyfi og fullnægi þeim kröfum sem gilda um slíkt fyrirkomulag.

12. gr.

Tollar og gjöld.

1. Hvor aðili um sig skal, með gagnkvæmum hætti og að því marki sem landslög hans frekast leyfa, undanþiggja tilnefnt flugfélag hins aðilans tollum, vörugjöldum, skoðunargjöldum og öðrum innlendum sköttum og gjöldum sem lögð eru á loftför, eldsneyti, smurolíur, einnota tæknibirgðir, varahluti, þar með talda hreyfla, venjulegan tækjabúnað loftfars, aðföng loftfars (þar með talinn, en þó ekki eingöngu, mat, drykki og áfengi, tóbak og aðrar vörur til sölu eða sem nota á einvörðungu í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við það) og aðra hluti, t.d. birgðir prentaðra farseðla, fylgibréf farms, prentað efni, sem ber áprentað merki viðkomandi félags, og venjulegt kynningarefni sem það tilnefnda flugfélag dreifir án endurgjalds, sem nota á eða einungis eru notaðir í tengslum við starfrækslu loftfars eða þjónustu við loftfar hins tilnefnda flugfélags hins aðilans, er áður getur, sem heldur uppi hinni samþykktu flugþjónustu.

2. Undanþágurnar, sem eru veittar samkvæmt þessari grein, gilda um þá hluti sem um getur í 1. mgr.:
 - a) og hið tilnefnda flugfélag hins aðilans kemur með, eða komið er með fyrir þess hönd, inn á yfirráðasvæði fyrstnefnda aðilans,
 - b) og geymdir eru um borð í loftfari hins tilnefnda flugfélags annars aðilans þegar það kemur inn á eða fer frá yfirráðasvæði hins aðilans eða
 - c) sem fluttir eru um borð í loftfar tilnefnds flugfélags annars aðilans á yfirráðasvæði hins aðilans og eru til notkunar þegar samþykktari flugþjónustu er haldið uppi,
 hvort sem slíkir hlutir eru allir notaðir eða allra þeirra neytt eða ekki innan yfirráðasvæðis aðilans, sem veitir undanþáguna, að því tilskildu að slíkir hlutir skipti ekki um eigendur á yfirráðasvæði fyrnefnds aðila.
3. Aðeins er heimilt að flytja venjulegan búnað loftfars frá borði, ásamt því efni og birgðum sem venjulega eru um borð í loftfari tilnefnds flugfélags hvors aðila sem er, á yfirráðasvæði hins aðilans með samþykki tollyfirvalda á því yfirráðasvæði. Heimilt er, í slíkum tilvikum, að færa slíkan búnað, efni og birgðir undir eftirlit fyrnefndra yfirvalda uns þau eru flutt úr landi á ný eða þeim ráðstafað með öðrum hætti í samræmi við tollareglugerðir.

13. gr.

Notendagjöld.

1. Notendagjöld, sem lögbærum yfirvöldum eða stofnunum hvors aðila um sig á sviði gjaldtöku er heimilt að leggja á flugfélög hins aðilans, skulu vera réttlát, eðlileg, ekki mismuna á óréttlátan hátt og skal þeim skipt jafnt niður á notendaflokka. Slík notendagjöld skulu ávallt lögð á flugfélög hins aðilans með skilmálum sem ekki eru óhagstæðari en hagstæðustu skilmálar sem bjóðast öðrum flugfélögum á þeim tíma sem gjöldin eru lögð á.
2. Notendagjöld, sem lögð eru á flugfélög hins aðilans, mega endurspegla, en ekki fara yfir, þann heildarkostnað sem lögbær yfirvöld eða stofnanir á sviði gjaldtöku hafa af því að láta í té við-eigandi flugvallaraðstöðu og -þjónustu og viðeigandi aðstöðu og þjónustu vegna umhverfis-verndar flugvallar, flugleiðsögu og flugverndar á viðkomandi flugvelli eða innan viðkomandi flugvallarkerfis. Í heildarkostnaði af þessu tagi getur falist eðlilegur arður af eignum eftir afskriftir. Aðstaða og þjónusta, sem gjöldin eru greidd fyrir, skulu látin í té með skilvirkum og hagkvæmum hætti.
3. Hvor samningsaðili um sig skal hvetja til þess að fram fari viðræður milli yfirvalda eða stofnana á yfirráðasvæði sínu, sem hafa heimild til gjaldtöku, og flugfélaga, sem nota þjónustu og aðstöðu, og hvetja fyrnefnd yfirvöld eða stofnanir og flugfélögin til að skiptast á upplýsingum sem kunna að vera nauðsynlegar til að unnt sé að skoða nákvæmlega réttmæti gjaldanna samkvæmt meginreglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Hvor aðili um sig skal hvetja lögbær yfirvöld á sviði gjaldtöku til að láta notendum í té allar tillögur um breytingar á notendagjöldum með eðlilegum fyrirvara til að gera þeim kleift að láta álit sitt í ljós áður en af breytingum verður.
4. Hvorugur aðilanna telst hafa brotið gegn ákvæðum þessarar greinar, í tengslum við málsmeðferð vegna lausnar deilumála skv. 16. gr. þessa samnings, nema: i. hann hafi látið hjá líða, innan eðlilegs tíma, að endurskoða gjöld eða framkvæmd sem hinn aðilinn hefur gert að umkvörtunarfni; eða ii. látið hjá líða, í kjölfar slíkrar endurskoðunar, að gera allar ráðstafanir, sem í hans valdi eru, til að leiðrétta gjöld eða ráða bót á framkvæmd sem samrýmist ekki ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.

Sanngjörn samkeppni.

1. Hvor aðili um sig skal gefa tilnefndum flugfélögum beggja aðila sanngjörn og jöfn tækifæri til að keppa um að bjóða fram þá alþjóðlegu flugþjónustu sem samningur þessi gildir um.
2. Hvor aðili um sig skal leyfa hverju tilnefndu flugfélagi að ákvarða ferðatíðni og flutningsgetu í alþjóðlegri flugþjónustu, sem það býður fram, á grundvelli viðskiptaaðstæðna á markaðinum. Hvorugur aðilanna skal, að teknu tilliti til þessara réttinda, takmarka einhliða umferð, ferðatíðni eða hve reglubundin þjónustan er eða hvaða gerð eða gerðir loftfara tilnefnd flugfélög hins aðilans

reka, nema að því marki sem kann að verða krafist af ástæðum er varða tollafgreiðslu, tæknileg atriði, rekstur eða umhverfisvernd og þá með samræmdum skilyrðum í samræmi við 15. gr. Chicago-samningsins.

3. Hvorugur aðilanna skal gera kröfur á hendur tilnefndum flugfélögum hins aðilans um fyrsta höfnunarrétt, lyftihlutfall, þægðarfé eða neinar aðrar kröfur sem varða flutningsgetu, ferðatiðni eða umferð og eru í ósamræmi við markmiðin með samningi þessum.
4. Hvorugur aðilanna skal gera kröfu um að flugfélög hins aðilans skrái flugáætlanir, áætlanir um leiguflug eða flugrekstraráætlanir til samþykktar nema að því marki sem kann að verða gert án mismununar í því skyni að uppfylla hin samræmdu skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar eða eins og kann að verða heimilað sérstaklega í viðauka við samning þennan. Ef aðili gerir kröfu um skráningu í upplýsingaskyni ber honum að halda í lágmarki stjórnsýsluálagi á milliliði innan loftflutningageirans og tilnefnd flugfélög hins aðilans vegna skráningarkrafna og málsmeðferðar þeim samfara.

15. gr.

Verðlagning.

1. Hvor aðili um sig skal heimila hverju tilnefndu flugfélagi að ákvarða verð fyrir flugþjónustu á grundvelli þeirra viðskiptaaðstæðna sem ríkja á markaðinum. Íhlutun aðilanna skal takmarkast við að:
 - a) koma í veg fyrir óeðlilega mismunun að því er varðar verð eða framkvæmd,
 - b) vernda viðskiptamenn gegn óeðlilega háu eða hamlandi verði vegna misnotkunar á yfirburðastöðu og
 - c) vernda flugfélög gegn óeðlilega lágu verði sem rekja má til beinna eða óbeinna ríkisstyrkja eða -aðstoðar.
2. Hvor aðili um sig getur krafist þess að verð, sem flugfélög hins aðilans hyggjast setja upp fyrir flutning til og frá yfirráðasvæði fyrrnefnda aðilans, verði tilkynnt eða skráð hjá flugmála-yfirvöldum sínum í upplýsingaskyni. Óheimilt er að krefjast tilkynningar eða skráningar af hálfu flugfélaga beggja aðila fyrr en þrjátíu (30) dögum fyrir fyrirhugaða gildistöku. Í einstaka tilvikum er heimilt að krefjast tilkynningar eða skráningar með skemmri fyrirvara en venjulega er gert. Hvorugur aðilanna skal gera kröfu um að flugfélög hins aðilans tilkynni eða skrái verð, sem leigutakar setja upp við almenning, nema það kunni að verða gert án mismununar og í upplýsingaskyni.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal það verð sem hið tilnefnda flugfélag Singapúrs hyggst setja upp fyrir flutninga einvörðungu innan Evrópska efnahagssvæðisins háð ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem skal beitt án mismununar. Samt sem áður hefur hvert tilnefnt flugfélag rétt til að bjóða sama verð og gert er á markaðinum.

16. gr.

Margþætt flutningaþjónusta.

Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa er flugfélögum og óbeinum farmflytjendum beggja aðila heimilt, án takmarkana, að nota, í tengslum við alþjóðlega flugþjónustu, hvers konar farmflutninga á jörðu niðri til og frá hvaða stað sem er á yfirráðasvæðum aðilanna eða í þriðju löndum, þar á meðal flutninga til og frá öllum flugvöllum þar sem aðstaða er til tollafgreiðslu, og hafa þau, meðal annars og eftir atvikum, rétt til að flytja farm undir tollinnsigli samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skal vera aðstaða á flugvöllum til að tollskoða og tollafgreiða slíkan farm, hvort sem hann er fluttur á jörðu niðri eða í lofti. Flugfélög geta kosið að sjá sjálf um flutninga sína á jörðu niðri eða boðið slíka flutninga fram með því að gera samkomulag um þá við aðra aðila, sem annast flutninga á jörðu niðri, meðal annars er átt við flutninga á jörðu niðri sem önnur flugfélög standa fyrir og aðilar sem bjóða fram þjónustu á sviði farmflutninga í lofti óbeint. Slíka margþætta farmflutningaþjónustu má bjóða á einu heildarverði alla leið fyrir samtengda flutninga í lofti og á jörðu niðri, að því tilskildu að ekki sé villt um fyrir sendendum að því er slíka flutninga varðar.

17. gr.

Samráð og lausn deilumála.

1. Hvor aðili sem er getur, í anda náinnar samvinnu og hvenær sem er, farið fram á viðræður um samning þennan, beitingu ákvæða hans og hvort farið sé að ákvæðum hans svo viðunandi sé. Rísi deila milli aðilanna um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir fyrst leitast við að leysa hana með samráði.
2. Hverja deilu, sem eigi er unnt að leysa með samráði, er heimilt að senda sáttasemjara eða nefnd um lausn deilumála til úrlausnar að beiðni hvors aðila að samningi þessum sem er. Fá má slíkan sáttasemjara eða -nefnd til að miðla málum, ákvarða deiluefnið eða koma fram með tillögu um til hvaða úrræða skuli grípa eða að lausn deilunnar.
3. Aðilarnir skulu sammælast fyrirfram um erindisbréf sáttasemjarans eða -nefndarinnar, leiðbeinandi meginreglur eða viðmiðanir og um skilyrði fyrir aðgangi að sáttasemjaranum eða -nefndinni. Þeir skulu og íhuga, ef nauðsyn krefur, að gera ráð fyrir bráðabirgðaúrþótum og hugsanlegri þátttöku hvaða þriðja aðila sem er, sem deilan kann að snerta með beinum hætti, að teknu tilliti til þess markmiðs og þeirrar nauðsynjar að viðhafa einfalda og skil- og hraðvirka málsmeðferð.
4. Heimilt er að tilnefna sáttasemjara eða nefndarmenn af skrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar yfir sérfræðinga á sviði flugmála með tilskilin starfsréttindi. Ganga ber frá vali sérfræðings eða sérfræðinga innan fimmtán (15) daga frá því að beiðni um að deila sé send sáttasemjara eða -nefnd er veitt viðtaka. Geti aðilarnir ekki sammælst um val sérfræðings eða sérfræðinga er heimilt að fara þess á leit við forseta ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að hann annist valið. Hver sérfræðingur, sem kallaður er til í þessu skyni, skal hafa næga kunnáttu á því almenna sviði sem deilan snýst um.
5. Ljúka ber sáttaumleitunum innan sextíu (60) daga frá því að sáttasemjarinn eða -nefndin tekst verk sitt á hendur og skal ákvörðun, eða tilmæli ef það á við, liggja fyrir innan sextíu (60) daga frá því að sérfræðingurinn eða sérfræðingarnir takast verk sitt á hendur. Aðilarnir geta sammælst um það fyrirfram að sáttasemjarinn eða -nefndin geti boðið kæranda úrbætur til bráðabirgða, sé þess óskað, og skal ákvörðun, í slíku tilviki, liggja fyrir í upphafi.
6. Aðilarnir skulu vinna saman í einlægni að því að stuðla að framgangi sáttaumleitana og því að úrskurður eða ákvörðun sáttasemjarans eða -nefndarinnar komi til framkvæmda nema þeir semji um það fyrirfram með öðrum hætti að vera bundnir af úrskurðinum eða ákvörðuninni. Sammælist aðilarnir um það fyrirfram að óska einvörðungu eftir því að ákvörðun verði tekin um málsatvik skulu þeir nota þau til lausnar deilunni.
7. Áætla ber kostnað vegna fyrrnefndrar málsmeðferðar í upphafi og skipta honum jafnt niður, með þeim fyrirvara þó að unnt sé að taka skiptingu hans til endurskoðunar þegar endanlegur úrskurður er upp kveðinn.
8. Málsmeðferðin er með fyrirvara um áframhaldandi samráð, að deilan verði sett í gerð síðar meir eða að samningnum verði sagt upp skv. 19. gr.

18. gr.

Breytingar.

1. Telji annar aðilinn æskilegt að breyta einhverju ákvæði samnings þessa, m.a. viðaukanna við hann, getur hann óskað eftir að fram fari viðræður milli flugmálayfirvalda beggja aðila um þær breytingar sem tillaga er gerð um. Slíkar viðræður skulu hefjast innan sextíu (60) daga frá þeim degi þegar beiðni um viðræður er veitt viðtaka. Sérhver breyting, sem samþykkt er með fyrrgreindum hætti, skal öðlast gildi að undangenginni staðfestingu af hálfu beggja aðila með diplómátskum orðsendingaskiptum.
2. Breytingu á viðaukunum má gera með beinu samkomulagi milli flugmálayfirvalda beggja aðila og skal hún öðlast gildi að undangenginni staðfestingu með diplómátskum orðsendingaskiptum.
3. Öðlist fjöhlíða samningur um flutninga í lofti gildi gagnvart báðum samningsaðilum skal eyða ósamræmi, hvað varðar skuldbindingar samningsaðila samkvæmt samningi þessum og samkvæmt fyrrnefndum samningi, þannig milli beggja samningsaðila, að það eða þau ákvæði sem gera hinum samþykktu flugfélögum kleift að njóta meiri i. réttinda, ii. flugverndar eða iii. flugöryggis gangi fram, nema samningsaðilar samþykki annað eða samhengi atriða krefjist annars.

19. gr.

Samningsslit.

Hvor aðili sem er getur hvenær sem er tilkynnt hinum aðilanum skriflega um þá ákvörðun sína að segja samningi þessum upp. Samtímis skal senda Alþjóðaflugmálastofnuninni slíka tilkynningu. Samningur þessi fellur úr gildi á viðtökustað tilkynningarinnar á miðnætti aðfaranótt þess dags þegar ár er liðið frá þeim degi þegar hinn aðilinn veitti tilkynningunni viðtöku, nema hún sé dregin til baka með samþykki beggja aðila áður en sá tími er liðinn. Staðfesti hinn aðilinn ekki móttöku skal litið svo á að tilkynningu hafi verið veitt viðtaka fjórtán (14) dögum eftir þann dag þegar Alþjóðaflugmálastofnunin veitti henni viðtöku.

20. gr.

Skráning hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Skrá skal samning þennan, ásamt öllum breytingum á honum, hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni eftir að hann öðlast gildi skv. 20. gr. samnings þessa og eftir að breytingar á honum öðlast gildi skv. 18. gr. samnings þessa.

21. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag er seinni skriflegu tilkynningunni, þar sem samningsaðilar greina hvor öðrum frá því að lögformlegri innlendra meðferð hvors um sig fyrir gildistöku samnings þessa sé lokið, er veitt viðtaka.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Singapúr hinn 23. janúar 2009 í tvíriti á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Singapúrs

.....
FINNBOGI RÚTUR ARNARSON

Staðgengill sendiherra
Sendiráði Íslands Nýju-Delí

.....
LIM KIM CHOON

Forstjóri og
aðalframkvæmdastjóri
Flugmálastjórnar Singapúrs

I. VIÐAUKI
Alþjóðleg flugþjónusta.

1. þáttur

Leiðir.

Flugfélög hvors aðila um sig, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka, skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að stunda alþjóðlega flugþjónustu, ein sér eða í sameiningu, milli staða á eftirfarandi leiðum:

A. Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem ríkisstjórn Íslands tilnefnir:

Staðir baka til – Staðir á Íslandi – Viðkomustaðir – Staðir í Singapúr – Staðir sem flogið er til áfram

Að því er varðar farmflutninga eingöngu og farþegaflug, milli Singapúrs og hvaða staðar eða staða sem er

B. Leiðir fyrir flugfélag eða flugfélög sem ríkisstjórn Lýðveldisins Singapúrs hefur tilnefnt:

Staðir baka til – Staðir í Singapúr – Viðkomustaðir – Staðir á Íslandi – Staðir sem flogið er til áfram

Að því er varðar farmflutninga eingöngu og farþegaflug, milli Íslands og hvaða staðar eða staða sem er

2. þáttur

Sveigjanleiki í rekstri.

Hvert tilnefnt flugfélag getur að eigin vali gert eftirfarandi í hvaða flugi sem vera skal eða öllu flugi:

1. haldið uppi flugi í aðra áttina eða báðar,
2. sameinað mismunandi flugnúmer í einni ferð með sama loftfari,
3. þjónað stöðum baka til, viðkomustöðum og stöðum sem flogið er til áfram og stöðum á yfirráðasvæðum aðilanna á leiðunum með hvaða samsetningu og í hvaða röð sem er,
4. sleppt viðkomu á hvaða stað eða stöðum sem er,
5. flutt farþega/farm frá einu loftfari sínu til annars hvar sem er á leiðunum og
6. þjónað stöðum aftan við hvaða stað sem er á yfirráðasvæði sínu, hvort sem skipt er um loftfar eða flugnúmer eða ekki, og er heimilt að halda uppi og kynna slíka þjónustu fyrir almenningi sem flutninga á leiðarenda,
án takmarkana á því í hvora áttina er flogið eða hvert og án þess að missa réttindi til flutninga sem eru leyfðir með öðrum hætti í þessum samningi.

3. þáttur

Skipt um loftfar.

Hvert tilnefnt flugfélag getur, í hvaða áfanga eða áföngum sem er á leiðunum, er um getur hér að framan, stundað alþjóðlega flugþjónustu án þess að nokkrar skorður séu settar við því að skipta, hvar sem er á leiðinni, um gerð loftfara, sem eru starfrækt, eða breyta fjölda þeirra. Þetta er þeim skilyrðum háð, nema þegar um ræðir farmflutninga eingöngu, að flutningar á útleið áfram frá slíkum stað séu framhald flutninga frá yfirráðasvæði aðilans, sem hefur tilnefnt flugfélagið, og að á innleið séu flutningar til yfirráðasvæðis aðilans, sem hefur tilnefnt flugfélagið, framhald flutninga frá stað sem er handan við slíkan stað.

II. VIÐAUKI Leiguflutningar.

1. þáttur

Flugfélög hvors aðila um sig, sem eru tilnefnd samkvæmt þessum viðauka, skulu, í samræmi við tilnefningarskilmála, eiga rétt á að flytja farþega landa á milli með leiguflutningum í lofti (og meðfylgjandi farangur þeirra) og/eða farm (getur þá verið um að ræða, en þó ekki eingöngu, farmmiðlun, uppskiptingu og samsetningu (farþegar/farmur) í leiguflutningum):

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði aðilans, sem hefur tilnefnt flugfélagið, og hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans og

milli hvaða staðar eða staða sem er á yfirráðasvæði hins aðilans og hvaða staðar eða staða sem er í þriðja landi eða þriðju löndum, að því tilskildu, nema að því er varðar farm í leiguflutningi, að slík þjónusta sé liður í samfelldum framgangi, hvort sem skipt er um loftfar eða ekki, sem felur í sér þjónustu við heimalandið í þeim tilgangi að flytja innanlandsfarþega/farm milli heimalandsins og yfirráðasvæðis hins aðilans.

Þegar þjónusta, sem fellur undir þennan viðauka, er veitt skulu flugfélög hvors aðila um sig, sem tilnefnd eru samkvæmt þessum viðauka, einnig eiga rétt á að: 1) hafa viðdvöl hvar sem er innan eða utan yfirráðasvæðis hvors aðilans sem er, 2) flytja farþega/farm í umflutningi um yfirráðasvæði hins aðilans og 3) sameina í einu loftfari farþega/farm sem er upprunninn á yfirráðasvæði annars aðilans, á yfirráðasvæði hins aðilans og farþega/farm sem er upprunninn í þriðju löndum.

Hvor aðili um sig skal, með vinsemd og á grundvelli háttvísi og gagnkvæmni, taka til athugunar umsóknir flugfélaga hins aðilans um að stunda flutninga sem falla ekki undir þennan viðauka.

2. þáttur

Flugfélag, sem hvor aðili sem er hefur tilnefnt og stundar leiguflutninga landa á milli sem hefjast á yfirráðasvæði hvors aðilans sem er, hvort sem um er að ræða flutninga aðra leið eða báðar, skal eiga þess kost að velja hvort það fer að lögum og reglum heimalandsins eða hins aðilans um leiguflug. Ef aðili beitir mismunandi ákvæðum, reglugerðum, skilmálum, skilyrðum eða takmörkunum gagnvart einu flugfélagi sinna eða fleirum, eða flugfélögum annarra landa, skal hvert tilnefnt flugfélag hlíta þeim viðmiðunum sem hafa minnstu takmarkanir í för með sér.

Ekkert í málgreininni hér að framan takmarkar þó rétt hvors aðilans sem er til að krefjast þess að flugfélög, sem hvor þeirra sem er hefur tilnefnt samkvæmt þessum viðauka, fylgi ákvæðum um vernd greidds fjár farþega og afbókunar- og endurgreiðslurétt þeirra.

3. þáttur

Hvorugur aðila skal, nema að því er varðar reglur um neytendavernd er um getur í málgreininni hér á undan, gera kröfu um að flugfélag, sem hinn aðilinn hefur tilnefnt samkvæmt ákvæðum þessa viðauka, leggi fram, að því er varðar flutninga frá yfirráðasvæði hins aðilans eða þriðja lands, aðra leið eða báðar, nokkuð umfram yfirlýsingu um að gildandi lögum og reglum, er um getur í 2. hluta þessa viðauka, sé hlítt eða yfirlýsingu um undanþágu frá þessum lögum eða reglum sem þar til bær flugmálafyrvöld hafa veitt.

**AIR SERVICES AGREEMENT
BETWEEN
THE GOVERNMENT OF
ICELAND
AND
THE GOVERNMENT OF
THE REPUBLIC OF SINGAPORE**

The Government of Iceland and the Government of the Republic of Singapore (hereinafter referred to as the "Parties");

Being Contracting States to the Convention on International Civil Aviation opened for signature at Chicago on 7 December 1944;

Desiring to promote their mutual relations in the field of civil aviation and to conclude an agreement for the purpose of establishing air services between and beyond their respective territories;

Desiring to promote an international aviation system based on competition among airlines in the marketplace with minimum government interference and regulation;

Desiring to facilitate the expansion of international air service opportunities;

Desiring to ensure the highest degree of safety and security in international air services and reaffirming their grave concern about acts or threats against the security of aircraft, which jeopardize the safety of persons or property, adversely affect the operation of air services and undermine public confidence in the safety of civil aviation;

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of this Agreement, unless otherwise stated, the term:

